

BLÁHVER

Bláð Sjálfstæðisfélags Hveragerðis • 1. tbl. • 12. árg. • 21. des 2012

Stóðileg jól

Leiðari

Þegar þetta er ritað er það undir ómi frá jólaballi Eimskips sem fram fer hér annarsstaðar í húsinu. Þar er gleðin við völd og jólasveinar mættir á staðinn. Bros er í hverju andliti þótt á stöku barni megi sjá pínulítill óttamerki við þessa skrítnu karla sem alltaf ylja okkur í kringum jólin.

Heyra má ómínn af okkar gömlu góðu jólalögum sem lifa þrátt fyrir allskyns breytingar og svonefndar framfarir í samfélaginu. Gunna er enn á nýju skónum, pabbi að glíma við flibbhnappinn sinn og mamma er jafnvel enn í eldhúsinu eitthvað að fást við mat.

Þessi upprifjun minnir undirritaðan óneitanlega á þegar hann var sjálfur lítil drengur og sótti þessi sömu jólaböll af miklum móð sem þá voru haldin í Kaupþingssalnum í Pósthússtrætinu. Þar var alltaf mikil gleði, mikið af nammi og gos einsog hver gat í sig látið. Þarna hefur lítið breyst og það yljur óneitanlega um hjartaræturnar að sjá að gleðin er enn við völd á svona stundum þrátt fyrir allan barlóminn og deilurnar sem við heyrum í kringum okkur á hverjum degi. Sennilega

hefur það reyndar ekkert breyst heldur. Einhverveginn finnum við mannfólkið okkur alltaf eitthvað til að deila um og vera ósátt við.

Það er klassískt umræðuefni fyrir hver jól hvort að börnin trúu enn á jólasveina og hvenær þau eldri tóku að efast um tilvist þeirra. Er þetta samt eitthvað sem skiptir höfuðmáli? Trúin á jólasveinana og tilvist þeirra skadar engan en hún veitir gleði og góðar minningar og það er það sem skiptir máli. Þessi trú er jákvæður og í raun nauðsynlegur liður í þroskaferli barnanna.

Þrátt fyrir að það séu ákveðnir þættir í okkar góða samfélagi sem ekki breytast mikið og ættu ekki að gera það vegna þess að þeir eru í grunninn góðir þá þróast samfélagið og breytist með tímanum. Sumar breytingarnar eru kannski til hins verra og aðrar til góðs og gera samfélagið betra. Stundum verða bakslög og okkur finnst allt vera að fara á verrri veg en þá leitum við í grunnildin og finnum aftur fjölinu og höldum áfram, lærum jafnvel eitthvað af því sem útaf bar. Sennilega er



meðaltalið jákvætt þannig að samfélagið verður betra með tímanum.

Ég óska öllum Hvergerðingum nær og fjær og öðrum lesendum Bláhvers gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum með þökk fyrir liðin ár.

Eyþór H. Ólafsson
Forseti bæjarstjórnar

Fréttir frá Sjálfstæðisfélaginu

Starfsemi Sjálfstæðisfélagsins hefur verið líflæg það sem af er vetri en þar spilar þróðkjör í Suðurkjördæmi stóran þátt. Það er nefnilega orðið þannig að laugardagskaffið okkar góða er löngu orðið landsþekkt og fjölmargir frambjóðendur hafa lítið við þetta haustið. Þar er um fjölbreyttan hóp að ræða, blandaður hópur af nýju fólki á öllum aldri sem og sitjandi þingmenn okkar sem gefa kost á sér áfram. Prófkjör Sjálfstæðisanna í Suðurkjördæmi fer fram í lok janúar.

Sjálfstæðismenn í Hveragerði telja mjög mikilvægt að reyna að hittast sem oftast og að sambandið við sitjandi bæjarfulltrúa hverju sinni sé sem allra mest. Laugardagskaffin okkar eru mikilvægur hlekkur í þessari keðju því þar gefst Hvergerðingum kostur á að hitta sitjandi stjórn félagsins sem og bæjarfulltrúa og spjalla um allt sem á fólki brennur hverju sinni. Þessi hópur hittist alla laugardaga yfir vetrartímann frá 10:30-12:00 í húsi félagsins að Austumörk 2 í Hveragerði og

þangað eru allir hjartanlega velkomnir. Við í stjórninni viljum líka stækka tölvupóstlistann okkar og hvetjum við alla þá sem vilja fá fréttir af félaginu um að senda póst á:

elinborgmaria@simnet.is

Einnig ef fólk vill ganga í félagið þá er um að gera að senda póst á þetta sama netfang.

Á síðasta aðalfundi félagsins var eftirfarandi stjórn kosin:

Elínborg María Ólafsdóttir -*Formaður*
Birkir Sveinsson -*Gjaldkeri*
Berglind Hofland Sigurðardóttir -*Ritari*
Ingibjörg Zoéga Björnsdóttir og Björn Kjartansson -*Meðstjórnendur*
Elsa Busk, Daði Sólmundarson og Halldór Jónsson eru í *varastjórn*.

Elínborg María Ólafsdóttir
Formaður Sjálfstæðisfélags Hveragerðis



Sjálfstæðisfélag Hveragerðis óskar öllum Hvergerðingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hugvekja

efir Guðbjörgu Arnardóttur sóknarprest,
Odda Rangárvöllum

Fyrir nokkrum árum keypti ég líkan af fjárhúsinu í Betlehem, ósköp hefðbundið og fyrstu tvö árin logaði á ljósi í því sem gekk fyrir rafhlöðum. Það hafði ekki logað í nokkur ár þegar dóttir mín bað mig fyrir ein jólin að skipta um rafhlöður, það væri nú gaman að sjá ljósið, jú það voru settar nýjar rafhlöður í en ekki logaði ljósið og við sættum okkur við það. Það var svo á aðfangadag þegar verið var að leggja síðustu lokahönd á veislumáltíðina og útvarpið í gangi, á slaginu sex byrja kirkjuklukkur Dómkirkjunnar að hljóma skært og fallega um stofuna og það kviknaði ljósið í fjárhúsinu, ekkert okkar hafði verið að fikta við fjárhúsið heldur bara varð ljós. Við vorum nokkur sem tókum undir að þetta væri ekkert annað en kraftaverk, vísindamennirnir reyndu að slá því fram að vibringur tónanna í kirkjuklukkunum hefðu á einhvern veginn komið rafstraumunum af stað. Já, já gott og vel við þrættum ekkert um þetta en ljósið logaði alveg fram á jóladag og kraftaverk eða ekki, eitthvað gerðist.

Hvað er kraftaverk? Sjáum við ekki öll að jólin eru kraftaverk, fæðing Jesú var kraftaverk. Þrátt fyrir hina miklu þekkingu og færni læknisvísindanna þá skynjum við lækningu oft sem kraftaverk, það að sleppa vel frá einhverri vá köllum við kraftaverk. Er ekki fæðing barns kraftaverk? Ég reyni oft að hefja hin hversdaglegu kraftaverk upp, kraftaverk sem við svo oft látum framhjá okkur fara og krafturinn sem fylgir fær ekki að njóta sín til fulls. Verra er þegar við finnum við hvert fótími tilefni til þess að finna að hlutunum, við finnum að því hvernig

við erum, að við séum ekki nógu góð í hinu eða þessu og vildum vera hinsegin en ekki svona. Við finnum að mörgu í kringum okkur er, þær eru fáar stofnanir eða þjónustufyrirtæki sem við kvörtum ekki yfir.

Trúðarnir Barbara, Úlfur og Bella segja frá fæðingu, fyrirheitum og lífi Jesú lita í samnefndu leikriti. Þau sjá hlutina grafalvarlegum augum en sömuleiðis með glettni og glaðværð. Þar er ljósið svo sterkt tákni fyrir Jesú og hvar sem ljósið lýsir sjást hlutirnir í nýju ljósi og alveg sérstaklega þegar alls staðar er dimmt nema í kringum ljósið, Jesú. Ég vildi að við myndum miklu oftast eiga í vasanum hjá okkur ljós, að við myndum kveikja á því þegar okkur finnst eitthvað erfitt, leika okkur svolítið með ljósið og þannig lýsa upp tilveruna, hún verður án efa öðruvísi og léttari. Að við leyfum okkur oftast að verða börn, gleðjast yfir því sem hin fullorðnu eru hætt að sjá gleðina í, að leika okkur oftast. Börnin okkar, framtíðina getum við hvatt áfram með kreppt bak og daglega gefið þeim og okkur sjálfum til kynna að alls staðar kreppi að og hvergi lausnir að finna. Eða að gefa þeim og okkur sjálfum aðgang að ljósinu, Jesú, sem hvetur okkur undir jákvæðum formerkjum að við brjótum á bak aftur það sem brýtur niður og byggjum upp til framtíðar.

Jólakveðja

Með þessari litríku sumarmynd senda bæjarfulltrúar D- listans bæjarbúum og öðrum lesendum Bláhvers óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Þökkum ánægjulegar samverustundir og gott samstarf á árinu sem er að líða.



Jólahátíðin kemur þegar dimmt er í heimi og lýsir upp hjörtun. Jólin eru eins og vasaljósið sem kveikt er á og við notum ljósið til að sjá hlutina með augum jólanna, með augum Jesú, með augum barnsins. Við þurfum að trú á því að ljósið geti kviknað innra með okkur jafnvel þegar við eigum alls ekki vona á því. Við þurfum svo að hleypra ljósinu áfram og út í heiminn, út í líf okkar. Með ljósinu verðum við einmitt færari að sjá kraftaverk hversdagsins, að taka á móti kraftaverkum hversdagsins. Bros og það að heilsa og tala saman úti á götu getur gert kraftaverk í lífi þess sem upplifir sig einmana. Að horfa í augu einhvers og gefa til kynna að við séum tilbúin til að hlusta á sorgir veitir kraftaverk í lífi þess sem upplifir sig máttvana. Að fara út í garð, gera snjókarl með börnunum gerir kraftaverk í lífi þeirra, að finna hversu miklu máli þau skipta og að tekið er mark á þeim. Að gefa öðrum sem minna mega sín veitir gleði og létti. Að við stöndum saman og styðjum hvert annað alveg saman hver við erum, samherjar eða mótherjar. Hvetjum og þökkum fyrir það sem er gott, höldum á lofti því sem við vitum að er til uppbyggingar. Með ljós Jesú í hjartanu skulum við skoða hvern dag, hvert verkefni og það sem betur má fara og þarf að laga, lögum við með ljósinu. Það er aldrei neitt svo dimmt að ekki megi með einhverju lýsa það upp. Allt í kringum jólin ætti að minna okkur á þetta og kveikja vonina, kveikja ljósið og láta það lýsa alla daga.

Annáll ársins 2012

eftir Aldís Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra.



Þegar horft er til baka á atburði líðandi árs er ljóst að margt hefur áunnist og margar skemmtilegar minningar orðið til.

Á árinu 2012 varð gjörbylting í aðstöðu til íþróttaiðkunar hér í bæ. Hamarshöllin var tekin í notkun síðla árs en þar er 1000m² íþróttagólf ásamt rúmlega 3000m² gervigrasi og ekki má gleyma 9 holu púttvelli sem golfarar hafa þegar byrjað að nýta. Vandað parket var lagt á íþróttahúsið við Skólamörk og tveir nýir strandblaksvellir voru teknir í notkun við sundlaugina Laugaskarði. Ennfremur tók til starfa fótbolta golfvöllur við Hótel Ör.

En ársins 2012 verður einnig minnst sem ársins þegar við lærðum á vindinn. Ársins sem beðið var eftir logni til að hægt væri

að blása upp Hamarshöllina og ársins sem við stóðum í rokinu og horfðum á Hamarshöllina. Eftir þetta ár eru margir orðnir eins og gamlir bændur með fé á fjalli. Horfandi í skyin og lesandi veðurspár sí og æ. Það er kannski heldur ekki skrytið því í Dalnum hér fyrir ofan er risið stórhýsi eitt mikið sem hefur að undan förnu slitið barnsskónum, fengið snert af unglingsveiki en er nú farið að hegða sér eins og ráðsettur fullorðinn einstaklingur. Er það vel. Í húsinu fer fram fjölbreytt íþróttastarfsemi fram á kvöld í birtu og hlýju á meðan að vetrarveðrið gnaugar úti fyrir. Er hér um að ræða algjöra byltingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar. Það er kannski ekki skrytið þó að á mörgum heimilum heyrir ólíklegasta fólk ræða um að taka fram

takkaskóna þegar aðstaðan er orðin jafn góð og hér er raunin.

Í haust var lagður nýr upplýstur göngustígur frá Laufskógum að Hamarshöll sem tryggja á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á þessari leið. Ennfremur hefur verið unnið ötulliga að úrbótum á gönguleiðinni inn Reykjadal en þar hafa að öðrum ólöstuðum félagar í Hjálparveit skáta farið fremstir í flokki. Við Hengladalaá opnaði síðan nýtt kaffihús í sumar sem er enn einn liðurinn í bættri þjónustu við ferðamenn hér í bæ.

Fjöldi gesta í Upplýsingamiðstöð nálgast

nú 50.000 á árinu og er það mikil aukning frá því sem áður var. Ennfremur hefur orðið aukning á gestakomum í Hveragerðinum og í Listasafni Árnesinga þannig að aukinn fjöldi ferðamann setur greinilega mark sitt á bæjarfélagið.

Hingað komu fjölmargir góðir gestir á árinu, meðal annarra forsætisráðherra Kína, iðnaðarráðherra Eistlands og stækkunarstjóri Evrópusambandsins. Var tekið á móti þessum gestum eins og svo mörgum öðrum með hveraelduðum eggjum og soðnu rúgbrauði. Mælist það ávallt vel fyrir.

Einn stærsti árgangur seinni ára útskrifaðist frá Grunnskólanum í vor. Hélt sá myndarlegi hópur keikur út í lífið með

reynslu og kunnáttu grunnskólaáranna í farteskinu. Frábær árangur nemenda grunnskólans í Hveragerði í samræmdum prófum vakti athygli í haust en m.a. náðu tveir ungir piltar þeim sérstaklega góða árangri að fá 10 í stærðfræði.

Leikskólinn Undraland fagnaði 30 ára afmæli sínu á árinu í grenjandi slagveðri en börnin létu það ekki á sig fá og gengu fylktu liði eftir Breiðumörk í afmælisveisluna.

Á sviði menningar og lista hefur verið venju fremur liflegt. Bæði Blóm í bæ og Blómstrandi dagar nutu þess að veðurguðirnir höfðu velþóknun á bæjarfélaginu. Eftirminnilegir og góðir dagar. Glæsileg sýning á

verkum Hans Christiansen var sett upp af félagi eldri borgara og nú er verkum Kristins Péturssonar gerð góð skil í Listasafni Árnesinga. Sýning Listvinafélags Hveragerðis var sett upp í Verzlunarmiðstöðinni og félagið opnaði einnig einstaklega skemmtilega heimasíðu svo fátt eitt sé talið.

Það er með bjartsýni og gleði sem undirrituð horfir til komandi árs. Með nýju ári fæðast nýjar hugmyndir og nýir möguleikar. Möguleikar sem okkur ber að nýta til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Ég sendi lesendum öllum hugheilar jóla og nýárskveðjur um leið og ég þakka skemmtilegar samverustundir í starfi og leik á árinu sem er að líða.



Pistill formanns

efir Hjalta Helgason

Það var á vordögum 1992, nánar tiltekið 29. mars, sem hópur af góðu fólki kom saman og stofnaði íþróttafélagið Hamar. Saga Hamars spannar nú 20 ár.

Hamar hefur á þessum tíma vaxið og dafnað með eindæmum vel og árangur félagsmanna hefur verið afburða góður, jafnt innan vallar sem utan.

Sú gæfa hefur fylgt félaginu frá upphafi að til starfa fyrir þess hönd hefur valist fólk sem hefur unnið af heilindum og af miklum dugnaði að framgangi félagsins og dæmi eru um að einstaklingar sem komu að stofnun félagsins séu burðarrásir í starfi þess en í dag

Í núverandi stjórn Hamars situr m.a. Valdimar Hafsteinsson en hann hefur setið þar síðastliðin 12 ár. Fyrrum formaður félagsins, Guðríður Aadnegard, gegndi því starfi samfleytt í 10 ár. Ekki er hægt að láta hjá líðast að minnst á Lárus Inga Friðfinnsson sem hefur verið hjartað og sálin í Körfuknattleiksdeildinni frá stofnun hennar. Þetta eru dæmi um metnað og förnfýsi einstaklinga, sem hafa unnið allt sitt starf í sjálfböðavinnu.

Allar undirdeildir Hamars eru reknar af sjálfböðaliðum sem af mikilli elju og

dugnaði fórnar hluta af sýnum tíma til uppbyggingar á starfi deildanna.

Hvatning foreldra er einnig mikilvægur þáttur í uppeldi og í starfi íþróttafélaganna, en eitt af meginmarkmiðum Hamars er að efla og styðja við barna- og unglíngastarf og skapa þannig aðstæður að sem flest börn og unglíngar fái að njóta sín, innan deilda Hamars.

Bæjaryfirvöld í Hveragerði hafa alla tíð stutt dyggilega við bakið á Hamri, bæði með árlegu styrktarframlagi, ásamt því að skapa þær aðstæður sem nauðsynlegar eru til íþróttar íðkunnar hverju sinni. Nú á haustdögum var ný 5000 m² loftborin fjölnota íþróttahöll tekin í notkun hér í Hveragerði, Hamarshöllin. Þetta er risa áfangi á þeirri vegferð að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunnar hér í bæ. Hamarshöllin mun verða algjör bylting fyrir félagsmenn í Hamri og mun án efa gegna lykilhlutverki í allri starfsemi félagsins í framtíðinni.

Hamar hefur alla tíð notið velvildar einstaklinga og fyrirtækja þegar kemur að því að afla fjár til reksturs deildanna. Fyrir hönd Hamars vil ég færa þessum aðilum miklar þakkir og um leið vonast ég eftir áframhaldandi góðu samstarfi 20 ára afmæli Hamars hefur verið fagnað

með margvíslegum hætti á árinu m.a. var haldin stór afmælishátíð fyrir bæjarbúa þann 31.mars. Fyrverandi formenn Hamars skipuðu afmælisnefnd og lögðu drög að dagskrá sem svo aðalstjórn fylgdi eftir. Tekin var sú ákvörðun, í stjórn Hamars, að ráðast í útgáfu á afmælisriti. Til ritstjórnar voru fengin þau, Álfhildur Þorsteinsdóttur, Njörður Sigurðsson og Hjörtur Sveinsson. Þetta fólk hefur unnið mikla vinnu sl. mánuði við útgáfuna og vil ég fyrir hönd Hamars færa þeim miklar þakkir fyrir þeirra störf. Allar deildir Hamars voru virkjaðar í útgáfunni og fékk hver og ein deild úthlutað pláss í blaðinu sem hún svo nýtti að eigin vild.

Hamar mun eftir sem áður leggja áherslu á að almenningsíþróttir og afreksíþróttir fái að þróast hlið við hlið ásamt því að sinna mikilvægu samfélagslegu hlutverki sínu í Hveragerði.

Öflugt íþróttastarf mun án efa efla heilsu og sjálfsímynd bæjarbúa um ókomna tíð.

Um leið og ég þakka öllum þeim sem hafa lagt félaginu lið á þeim 20 árum sem það hefur starfað, vil ég fyrir hönd Hamars óska Hvergerðingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



Jólaís

BORGARÍS

Eftirréttir fyrir alla

Kjörís

HIN EINA OG SANNA
KONFEKT TERTA
GÓMSÆT & SIGILD FRÁ KJÖRÍS

JÓLAPINNAR

VANILLUÍS

Þessi drengur getur orðið allra karla elstur

eftir Aldís Hafsteinsdóttur

Guðjón Pálsson er Hvergerðingum að góðu kunnur en margir hafa einhvern tíma notið greiðvikni hans sem rafvirkja og einstaklega notalegrar nærveru. Guðjón hefur búið hér í Hveragerði lengur en flestir aðrir en hingað flutti hann fyrst árið 1941 þá 17 ára. Það þótti nokkuð einsýnt að það gæti verið fróðlegt að eiga dagsstund með Guðjóni til að freista þess að róta upp í minningabankanum. Það má með sannri segja að það hafi tekist en efnið er þeirrar dagsstundir ætti svo sannarlega skilið meiri umfjöllun en þessa stuttu grein. Vonandi mun einhver nýta þennan viskubrunn enn betur síðar.

En nú gefum við Guðjóni orðið.

Ég er fæddur á Þverá á Síðu í Skaftafellssýslu árið 1924 en Þverá er næsti bær austan við Foss á Síðu sem margir kannast við.

Foreldrar mínir hétu Guðrún Jónsdóttir og Páll Jónsson. Faðir minn vann alla tíð við húsbýggingar meðfram bústörfum og þótti ansi liðtækur þrátt fyrir að hafa aldrei lært iðnina. Hann spilaði á böllum og var mikill selskapsmaður. Þetta var á blómatíma Ungmenna félaganna og mikið líf í sveitinni enda fjöldi fólks á hverjum bæ. Ég er líkari móður minni en hún var ekki eins mikið fyrir fjölmenni og líkaði vel að dunda sér ein.

Á Þverá voru foreldrar mínir nokkur ár vinnuhjú hjá gömlum hjónum á meðan þau biðu eftir að jörð myndi losna til ábúðar. Á þeim tíma var svo þröngt til sveita að það lá við slagsmálum ef jörð losnaði. Foreldrar mínir voru fátæk og höfðu áður verið í vinnumennsku á tveimur öðrum bæjum. Frá Þverá fluttist fjölskyldan að Fossi en þar byggðu foreldrar mínir sér lítið hús en þá var ég eins árs. Ég átti fimm systkini Guðnýju, Jón, Ragnar, Guðjón, Ingólf og Huldu Margréti. Þau eru nú öll látin.

Þarna var margbýlt en húsið okkar var neðar öðrum bæjum og hjær fjallinu. Bústofninn var 12 kindur og ein kú en það dugði engan veginn til að framfleyta fjölskyldunni.

Árið 1930 flytur fjölskyldan að Efri Mörk sem líka gekk undir nafninu Blesahraun. Sá bær var rúmlega 10 km ofan við Klaustur uppi á heiðinni. Þarna voru á þeim tíma nokkrir bæir og til dæmis var móðir mín alin upp enn innar á heiðinni. Þarna var indælt að vera fyrir strák á mínum aldri og nóg pláss. Ekki var hægt að komast að bænum okkar á neinu farartæki. Eingöngu gangandi eða á hestum. Foreldrar mínir voru góðir bændur og pabba fórst vel að fódra skepnur. Hann hreinræktaði stofn af kollóttu fé sem þótti góður. Bóndinn sem

þarna bjó áður reyndist þeim vel. Hann bjó á næsta bæ en hann hafði misst þarna alla sína fjölskyldu úr berklum, konu og þrjár dætur.

Húsið okkar var þannig að fjósið var undir baðstofunni. Nákvæmlega eins bær er nú varðveittur á Byggðasafninu að Skógum og heitir sá bær Skál. Hitann frá kúnum leiddi upp og því var aldrei kalt inni. Það hlýtur að hafa verið ansi mikill óþefur í húsinu en ég man nú samt ekkert eftir því, slíku vandist maður. En hljóðin úr kúnum heyrdust upp, þær bauluðu og þá þurfti að mjólka eða sinna þeim á einhvern hátt.

Veikindi styrktu mig

Skólaganga mín hófst þegar ég var 10 ára og skólann sótti ég niður í Landbrot. Þegar ég var 11 ára veiktist ég illa, foreldrar mínir urðu mjög óttaslegnir því þau voru sannfærð um að ég væri kominn með berkla. Svo var þó ekki en þetta reyndist vera kirtlaveiki. Vegna þessa missti ég hálf ár úr skóla.

Meðan ég var veikur þá var lækurinn alltaf að koma og ég man að mamma spurði hvort ég myndi deyja. Þá segir hann: ég finn engin merki um að þetta séu berklar, ef hann kemst yfir þetta í vetur þá látið hann vera úti eins og hann getur næsta sumar og látið hann synda. Þá kunní ég

ekki að synda. Hann gaf mér litla bók með myndum af sundtökum og bætti við: „Ef hann nær að rétta við eftir sumarið, þá getur þessi drengur orðið allra karla elstur“. Man alltaf hvað mér þótti þetta stórkostlegt og þessi orð fylltu mig kjarki.

En í ánni voru nógir hylir, ég var veiklulegur og þurfti ekki að vinna, heldur æfði ég mig að synda eftir bókinni allt sumarið. Sumarið var gott, hlýtt og notalegt og viti menn, ég er orðinn allra karla elstur.

Hjá góðu fólki

Ég var ánægður í skólanum niður í Landbroti. Bjó hjá kennaranum, nýgífri. Hún og maður hennar voru afskaplega góð við mig. Hún trúði því að eitthvað gæti orðið úr mér. Ég bjó hjá þeim hjónum ásamt öðrum strák. Við vorum tvær vikur í skóla og tvær vikur heima. Mamma eða pabbi komu yfirleitt og náðu í mig og við gengum í skólann. Þetta var örugglega um 3-4 tíma gangur hvora leið. Þetta gengum við í venjulegum skinnskóm en stígvél eða leðurskór voru ekki til fyrr en löngu seinna.

Það versta við að vera ekki heima voru skórnir, en þeir þurftu svo mikla umhirðu. Ef þeir voru í hita urðu þeir grjótharðir og ef þeir voru blautir þá var maður alltaf rennblautur í fæturna. Í



skólanum vantaði mig mömmu til að hirða um skóna mína. Mér fannst þetta ansi óþægilegt en ekki þýddi að fara úr skónum hvar sem var. Maður lærði hvar væri best að geyma þá.

Ungur farinn að slátra

Á hverju hausti var féð rekið austur frá Klaustri og í Vík til slátrunar. Fór þetta ferðalag illa með féð en reka þurfti yfir vötnin. Því var ráðist í byggingu slátruhúss niður í Landbroti. Fljótlega eftir fermingu fékk ég vinnu við að hjálpa föður mínum við að hreinsa garnir en þær voru þá útflutningsvara. Ekki leið á löngu þar til ég var settur í að skjóta féð og var í því uppfrá því. Fékk feikna kaup á minn mælikvarða en ég hafði aldrei áður séð peninga. Ég uppgötvaði fljótt að þarna var hægt að afla sér tekna með mikilli vinnu og vann yfirvinnu sem ég þá vissi ekki að væri til. Ég var alltaf vanur því að vinna mikið, ég vann geysilega mikið heima við vegna þess að ég var bara þeirrar náttúru að verða alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni.

Járn úr strönduðum skipum

Í slátruhúsinu kynntist ég stórrí vélsmiðju sem heillaði mig uppúr skónum og þá var framtíðin ráðin. Í kjölfarið kynntist ég bóndanum í Svinadal, Eiríki Björnssyni, en þar voru smíðaðar túrbínur og unnið að raflyngu ýmissa bæja bæði í nágrenninu

og annars staðar. Eiríkur og reyndar bræður hans allir voru miklir snillingar. Þarna var erfitt um aðföng og vont að fá járn en ég vann með Eiríki að því að rífa gömul strönd þarna á söndunum en efnið úr þeim var síðan notað í vélarnar.

Samningur vandfundinn

Elsta systir mín sá á þessum tíma um þvottana á Reykjum hér fyrir ofan Hveragerði en maður hennar sá um fjósið en þar var þá fjöldi kúa. Þetta var árið 1941 og ég flyt til þeirra í von um að komast á samning í rafvirkjun. Það gekk illa og engin leið var að komast á samning.

En hér við ána var þá rafstöð sem Svinadals menn höfðu unnið að uppsetningu á og þar með var ég kominn í fulla vinnu við að halda rafstöðinni í Varmá gangandi en þaðan kom eina rafmagnnið sem notað var á svæðinu.

Sund í Laugaskarði

Fljótlega kynntist ég Lárusi Rist, sem þá var orðinn fullorðinn en stýrði samt sundlauginni hér í Hveragerði. Hann var afskaplega skarpholda, með mikið skegg og afar hás þegar hann talaði. Ég sem hafði lært sund af bók í hyl fyrir austan fór daglega í sund í Laugaskarði. Ég vakti athygli Lárusar og hann tók að sér að kenna mér betri sundtök. Honum

fannst merkilegt að ég hefði lært sund af bók. Kennslan gekk alveg ljómandi vel. Lárus gat virkað hryssingslegur á þá sem ekki þekktu hann vel en hann var alveg ljómandi góður maður, harðduglegur, en hann bjó í vestasta hluta sundlaugarhússins.

Hingað komu oft heilu bílfarmarnir af hermönnum frá Kaldaðarnesi til að fara í sund og þótti Lárusi oft mikið vesen af þessu. Búið var að bora göt og reka kvisti úr veggjum á milli karla og kvenna klefanna svo hægt var að gægjast á milli. Þá gátu oft orðið mikil læti eins og gefur að skilja. Mér fundust hermennirnir, bæði þeir bresku og bandarísku, vera ósköp venjulegir, þægilegir, ungir menn. Bretarnir voru venjulegir sveitastrákar eins og við en Kaninn var allt öðru vísi, þeir voru flottir og stelpurnar voru allar veikar fyrir þeim. Við reyndum eins og við gátum að verða eins. Hið svokallaða „ástand“ var mér aldrei sýnilegt. Auðvitað sá maður Kana með stúlkum, en ég skyldi þetta vel. Hvað var skrytið við það þó stelpurnar hrifust af ungum mönnum sem voru eldklárir, myndarlegir og skemmtilegir. Það var ekkert að því. Fyrst þegar Bretarnir komu að Klaustri, skoskir strákar, reyndu þeir eins og þeir gátu að samlagast heimamönnum. Á hverjum bæ þrjónuðu kellingarnar á þá sokka og allir reyndu að vera góðir við þá.

Þegar ég var í náminu var maður alltaf blankari en allt sem blankt var. Ég var alltaf að hugsa um það hvernig ég gæti náð mér í pening. Einn vísasti gróðavegurinn var að kaupa fullt af miðum í bíó og selja síðan miðana fyrir utan bíóhúsið með smá álagningu til Kananna. Þannig vann ég mér inn aur fyrir mörgum kvöldmatnum.

Framsókn kemur til bjargar

Allir á Reykjum voru miklir Framsóknarmenn. Jónas frá Hriflu átti sumarhúsið að Reykjum, Fífilbrekku, sem enn stendur. Í bústaðnum var fjölskyldan mjög mikið og á þessum árum var Jónas uppá sitt besta. Eitt sinn bilaði ljós hjá honum og ég var sendur til að gera við. Þau voru full forvitni hjónin og spurðu mig spjörnum úr. Komust þau að því að ég fékk hvergi samning. Stuttu seinna fékk ég símtal frá Jónasi um að samningurinn væri í höfn. Í sama símtali spurði hann hvort ég myndi ekki ganga í Framsóknarflokkinn og auðvitað gerði ég það. Í kjölfarið vann ég ýmis viðvik fyrir ýmsa frammámenn flokksins og kynntist ég til dæmis Eysteini Jónssyni, ráðherra og Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, en þetta voru miklir sómamenn. Guðjón kallaði mig ýmist frænda eða litla Skaftafellinginn en hann var ættaður frá næsta bæ við Blesahraun. Ég var í svo miklu uppáhaldi hjá honum að það var nú eiginlega of mikið. Oft kom hann niður

á verkstæði og sagði. „Jæja það er víst kvöldmaður hjá frú Guðrúnu í kvöld.“ Þetta þýddi að ég var boðinn í kvöldmat hjá Jónasi frá Hriflu og hans konu. Þá voru oft þarna ýmsir aðrir gestir eins og Guðjón sem ekki átti fjölskyldu, Auður dóttir þeirra hjóna og Steindór maður hennar en hann var jarðvísindamaður, hann var eini maðurinn sem lést í Heklugosinu 1947.

Gengið í Sjálfstæðisflokkinn

Ég vann mikið með Framsóknarflokknum á þessum tíma. Hermann Jónasson fær síðan þá flugu í höfuðið að það þurfi að losna við Jónas og leggur karlinn í einelti. Hann eyðilagði flokkinn að mínu mati og í kjölfarið sagði ég mig úr flokknum. Jónas var auðvitað í edli sínu einræðisherra en það var hinn bara líka og framapotíð var alls ráðandi. Þarna gengum við sjö strákar á einu bretti úr flokknum. Lögðum inn skriflega úrsögn og fórum beint og gengum allir í Sjálfstæðisflokkinn og þar hef ég verið síðan.

Komið til Hveragerðis

Þegar ég kem í Hveragerði var hér símtöð og lítil búð sem hét Skemma þar sem nú er Kjöt og kúnt. Aðalgatan var þá á ská í gegnum bæinn. Helgafell var komið og Brekka var í byggingu. Húsin kúrðu í kringum hverasvæðið.



Guðjón fyrir framan Skaftafell en þar bjuggu foreldrar hans.



Með Sigríði í tilbugalífni.



Yngstu synirnir Páll og Guðni.

“Eiginmaður kennarans var afskaplega rölegur og sagði lítið en hann var svo góður við mig og spjallaði þegar við vorum einir. Einu sinni var ég látinn leika í leikriti ásamt eldri börnunum og miklaði ég það mjög fyrir mér. Þá tók eiginmaður kennarans sig til og kenndi mér hlutverkið í fjárhúsinu þar sem við vorum einir. Í lokaatriðinu átti ég að kyssa aðalleikkonuna sem var ein sætasta stelpa í skólanum, ég átti í miklum erfðleikum með þetta. Þá var nú ekki verið að tvínóna við hlutina heldur var í fjárhúsinu búið til svið úr heymeisum og þar setti hann eina kindina (heimalginginn) í stað aðalleikkonunnar og þar æfðum við rulluna ég og kindin.”



Sigríður og Guðjón.



Sigríður og Guðjón með börnum sínum en á myndina vantar Grétar.



Við raflagnavinnu á Hótel Örk.

Varmahlíð stóð við Gosabrekku. Ásar, Sunnhvöll og Önnuberg var komið og nokkur fleiri neðan við Drullusundið. Þarna bjó til dæmis Ásgeir Jónsson, fyrsta Hveragerðisskaldið, en í hans húsi kom upp hver árið 1947. Um það leiti sem ég kem hingað var Svanborg Eyjólfsdóttir flutt niður í þorp en verið var að rífa húsin austur í Hjáleigu sem kallað var en hún bjó í Reykjahjáleigu ásamt börnum sínum.

Það má nefna að á þessum tíma var Paul Michelsen fluttur hingað ásamt konu sinni Sigríði. Hann var þá ekki kominn með garðyrkjustöð en vann í Fagrahvammi. Hann var þá aðal ballmeistarinn hér í bæ en hann kenndi dans ásamt Siggu konu sinni.

Kalt fyrir vestan

Ég útskrifast sem rafvirki 2. júní 1947 og nú sá ég fyrir mér að mér mundi loks áskotnast aur. Á þessum tíma flæðir rafmagnið yfir landið og ég sá að þarna gæti orðið gífurleg vinna. Verið var að tengja rafmagn austur að Hellu og suður með sjó. Ég fékk vinnu við að tengja húsin í Grindavík við rafmagn. Þar kunni ég vel við mig. Ég var síðan sendur vestur á Bíldudal til að stjórna uppsetningu á rafstöð og tengingum við kerfið á Bíldudal.

Að koma vestur, frá Reykjavík, var eins og að ganga á sólbjörtum degi inni niðamyrkur og kulda að mínu mati. Það var ótrúlegur munur og lífshættir allir aðrir. Mér fannst fólkið svo gamaldags og talaði meira segja öðruvísi en við. Ég hafði hreinlega aldrei kynnst svona lífsmáta. Þarna var stundaður sjórinn en þeir voru ekki fyrir komnir í land en þeir urðu augafullir. Þetta hafði ég aldrei séð í sveitinni fyrir austan. Ég átti að stjórna þarna verkinu og þurfti virkilega að hafa fyrir því. Mennirnir tolldu illa fyrir vestan og við unnum og unnum alla daga. Þetta var ekki einfalt og ég var ansi ungur við verkstjórnina. Það tók tvö ár að klára þetta. Við vorum illa búnir, þessi hlýju fót sem eru til núna voru ekki til. Við vorum uppí staurum að vinna og þetta var oft afar nöturlegt. En ég þroskaðist mjög við þessa vinnu fyrir vestan og líkaði vel við fólkið þegar ég kynntist því.

Nú hafði ég efni á að gifta mig

Þegar ég kom að vestan fékk ég launin mín í einni útborgun og það voru ansi miklir peningar. Þá sló því niður í höfuðið á mér að þetta væri nú meiri vitleysan, ég væri að verða þrítugur og ég yrði að fara gifta mig og það yrði að vera fyrir sunnan. Því ekki ætlaði ég að ilendast fyrir vestan. Nú hafði ég loksins efni á að gifta mig.

Á bænnum Hrafntóftum fyrir austan Hellu var ég beðinn um að vinna ákveðið verk sem átti að taka viku. Þar rekst ég í orðsins fyllstu merkingu á stúlku sem hét Sigríður Bjarnadóttir frá Álfrólum í Landeyjum. Með það sama vissi ég að þarna væri konan mín komin. Við fórum út að ganga á kvöldin og þarna voru örlög okkar ráðin. Það liðu nú samt ein 4 ár þar til við fórum að búa því Sigríður var nokkuð yngri en ég og hún fór í skóla og til borgarinnar áður en búskapur okkar hófst.

Farkosturinn var reiðhjól

Foreldrar mínir voru á þessum tíma fluttir til Hveragerðis og ég aðstoðaði þau eftir megni. Þá vann ég í Reykjavík og hjólaði iðulega hingað um helgar til heimsækja þau. Það var nú ekki erfíði sem talandi er um fyrir ungan mann enda fékk ég eiginlega alltaf far sérstaklega með bandarískum hermönnum sem aldrei keyrðu framhjá hjólandi manni á heidinni. Mér gremst þegar talað er illa um þessa stráka sem alltaf reyndust mér vel.

Með menn á samning

Ég lagði rafmagn á marga bæi í Flóanum og ég kunni vel við fólkið þar. Þar kom að Kaupfélagið bauð mér vinnu þegar þeim þótti ég orðinn of frekur á kúnnana.

Kennarahjónin voru alveg sérstaklega góð og hlýleg við mig. Hún las fyrir okkur heilmikið til dæmis úr danska tímaritinu, Frem. Þarna heyrðum við ýmislegt sem við vissum ekki að veri til. Þau voru svo góð við mig og uppötuvuðu til dæmis að ég sá ekki bókstafina eins og aðrir. Þau létu mig lesa og lesa. Til dæmis svæfði ég dóttur þeirra kvöld eftir kvöld með því að lesa fyrir hana. Núna veit ég að ég er lesblindur þó ég hafi lært að lifa með því.



Með börnum á góðri stund en þarna var Páll fjarri góðu gamni.

Ég sló til og fékk vinnu hjá þeim og vann síðan við raflagnir hjá Kaupfélaginu í 3 ár og líkaði vel. Eftir það rak ég rafverkstæði og þjónustaði fleiri staði en Hveragerði. Var ég með allt að 15 manns í vinnu þegar mest var. Ég var yfirleitt með menn á samningi og sumir þeirra hafa sest að hér eins og til dæmis Hannes Kristjánsson og Gísli Gíslason. Hér kom ég að rafmagni flestra húsa eins og til dæmis Náttúrulækningafélagsins, Sundlaugarhússins í Laugaskarði, Kjöriss og einnig lagði ég rafmagn í nýbyggingu Hótel Arkar sem var stórverkefni.

Á barnaláni að fagna

Við Sigríður bjuggum allan okkar búskap hér í Hveragerði. Eignuðumst við fimm mannvænleg börn. Þau eru: Grétar Bjarni, endurskoðandi, kvæntur Svövu Kristjánsdóttur, Guðrún Ásta, sérkennari við MA, gift Tryggva Marínóssyni. Bryndís, íslenskukennari við FSU, gift Óskari Reykdalssyni, Páll Kristinn, rafvirki með eigin rekstur, kvæntur Auði Árnadóttur og Guðni, rafgreinakennari

Iðnskólanum í Hafnarfirði, kvæntur Ebbu Lóu Ásgeirsdóttur. Barnabörnin eru orðin 18 og langafabörnin 10

Ánægður með ævistarfið

Hveragerði er ekki sami bæri og hann var þegar ég flutti hingað fyrir rúmum 60 árum. Bærinn er orðinn huggulegur. Hann var frekar subbulegur, hér bjó þá fátækt, tekjulaust fólk. En hér var tiltölulega ódýrt að lifa og ódýrt húsnæði. Ég hef alltaf kunnað vel við mig hvar sem ég hef verið og hefði þannig séð getað búið hvar sem er. Þegar ég horfi til baka er ég ánægður með afraksturinn. Ég á mannvænleg börn og góða fjölskyldu en það er ekki mér að þakka því ég var aldrei heima. Hún Sigríður mín sá um að þau lærðu og kæmst til manns.

Nú eru rétt rúmlega 10 ár síðan ég missti konuna mína og var það mikið áfall enda fór hún alltof fljótt. Hún var 5 árum yngri en ég. Eftir það var ég í húsinu mínu við Heiðmörk og þar bý ég enn í góðu sambyli með Guðna syni

mínunum og hans fjölskyldu. Ennþá er ég á sömu þúfunni en foreldrar mínir bjuggu í húsinu hér á móti, Skaftafelli. Fyrst keypti ég húsíð á lóðinni Heiðmörk 25, Réttarholt, vegna þess að borholan hér í Bláskógum fylgdi því. Síðar byggði ég tvö hús á sömu lóðinni og bý hér enn, borholan hefur hitað upp húsinn og það gerir hún enn. Það eru mikil forréttindi enda er heita vatnið hér í Hveragerði ómetanleg auðlind.

Framtíðin

Ég er ekkert að hugsa um framtíðina. Ég þarf ekki að hugsa um neitt nema sjálfan mig. Ég er ótrúlega hraustur, en maður eldist og einhvern tímann verður þetta búið. Ég tel mig heppinn að hafa eignast 5 börn sem öllum gengur vel. Ég hefði ekki getað séð þetta fyrir þegar ég var að alast upp á heiðinni fyrir ofan Klaustur. En jafnvel þá var ég viss um að þar skyldi ég ekki búa, draumar mínir voru mikið meiri en svo. Ég get ekki annað en horft sáttur til baka.

Skógrækt í Dalnum

eftir Eyþór H. Ólafsson
Formann Skógræktarfélags Hveragerðis

Skógræktarfélag Hveragerðis var stofnað árið 1950. Síðan þá hefur félagið lagt mesta áherslu á skógrækt á svæðinu sunnan við Hamarinn en einnig komið að ræktun svæðisins í kringum Varmárgilið o.fl.

Á Vorsabæjarvöllum var á sínum tíma úthlutað svæðum til fyrirtækja og einstaklinga til ræktunar en að öðru leiti hefur félagið sjálft ekki plantað miklu þar hingað til. Núna síðustu árin höfum við farið að sjá mikinn og vaxandi árangur af því ræktunarstarfi sem einstaklingar og fyrirtæki hafa lagt á sig í Dalnum og

mun það án efa veita skjól og ánægju í framtíðinni.

Undanfarin ár hefur félagið leitast við að planta aðeins í kringum Gryluvöllinn og mynda þannig skjólbelti fyrir norðan og austan áttum. Þetta hefur gengið sémilega en plönturnar þó átt nokkuð erfitt uppdráttar.

Með tilkomu Hamarshallarinnar ákvað stjórn félagsins að gera áttak í að koma af stað ræktun í kringum hana. Í samvinnu við Hveragerðisbæ og garðplöntustöðvar voru settar niður nærri 1000 plöntur. Að

mestu var um plöntur að ræða sem þegar eru komnar nokkuð á veg og jafnvel orðnar yfir 1,5 m á hæð. Þetta var gert í ljósi reynslu á þessu svæði.

Það er von Skógræktarfélagsins að þessi útplöntun á íþróttasvæðinu norðan Hamarsins muni veita Hvergerðingum og öðrum iðkendum íþróttá á svæðinu gott skjól í framtíðinni. Mikilvægt er að hafa í huga að mjór er mikils vísir og þegar byrjað var sunnan Hamarsins fyrir rúmum 60 árum var varla stingandi strá þar en allir sjá og upplifa þann árangur sem náðst hefur.



Fegurstu garðarnir

Á myndunum má sjá þá garðaeigendur sem hlutu viðurkenningu fyrir fallega garða árið 2012 og nokkrar svipmyndir úr gördunum.

Verðlaunahafarnir eru:

Elísa Simonardóttir og Árni Helgason, Borgarhrauni 24. Kristján Jónsson og Kristín Ólafsdóttir, Kambahrauni 11 og Gerður Janusdóttir og Gylfi Helgason, Kjarrheiði 5.



Gledileg jól



Arion banki óskar öllum landsmönnum, nær og fjar, gleðilegra jóla og góðra stunda yfir háttíðirnar.

Arion banki

Allt fyrir gæludýrin

Mikið úrval af mat, bætiefnum, ólum, búrum og leikföngum fyrir gæludýr.



JÖTUNN VÉLAR ehf.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400

Hamarshöllin

efir Eyþór H. Ólafsson

Ekki er hægt að láta hjá líða að fjalla örlítið um nýju íþróttahöllina okkar hér í Hveragerði í þessu jólablaði 2012. Eftir áralangan undirbúning og í raun baráttu er loksins risið fjölnota íþróttahús sem þegar á fyrstu metrunum virðist ætla að verða mikil lyftistöng fyrir íþróttalífið í bænum.

Nokkur seinkun varð á opnun hússins í haust vegna ýmissa framkvæmda atriða og ekki er launung á því að það fór nokkrum sinnum um undirritaðan þegar veðrið sýndi klærnar á meðan á lokafrágangi stóð. Allt fór það þó vel og húsið stóðst álagið. Gerðar voru smá endurbætur á blásarabúnaði sem gera það að verkum að húsið er enn

betur undir íslenskt veðurfar búið en áður.

Fyrstu iðkendurnir hófu síðan að nota húsið í lok nóvember. Það er mjög ánægjulegt að fylgjast með því lífi sem þarna er. Á sama tíma er kannski verið að æfa fótbolta á gervigrasinu, golf á þúttvöllinum og körfubolta, badminton, blak eða aðrar íþróttir sem íþróttagólfíð er gert fyrir.

Iðkendum hafa einnig komið frá öðrum sveitarfélögum og fengið að nýta húsið og er vonandi að slíkt fari vaxandi í framtíðinni. Aðstaðan í Hamarshöllinni gefur mjög mikla möguleika fyrir markaðssetningu

Hveragerðis fyrir t.d. æfingabúðir innlendra og erlendra íþróttafélaga og einnig má vel hugsa sér að fyrirtæki geti komið með starfshópa í hvataferðir eða ráðstefnuferðir og nýtt hluta tímans til að láta hópinn skvetta aðeins úr klaufunum í Hamarshöllinni. Þannig komi húsið til með að verða ekki bara lyftistöng fyrir íþróttalífið í bænum heldur einnig stuðningur við hverskyns ferðapjónustu og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu.

Ég hvet alla Hvergerðinga, unga sem aldna, til að nýta sér þessa góðu aðstöðu til að stunda hverskyns íþróttir og hreyfingu.



HÖFÐABÍLAR
577 4747

Fosshálsi 27 | 110 Reykjavík | hofdabilar@hofdabilar.is

BÍLVAL
S: 480 1400 | SELFOSSI
www.bilval.is

Hrísmýri 5 | 800 Selfoss | bilval@bilval.is

Eftirvænting, óþreyja, tilhlökkun

efir Ragnheiði Elinu Árnadóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins í Suðurlkjördæmi



Jólin eru alveg á næsta leyti – aðeins nokkrir dagar þar til klukkurnar hringja hátíðina inn. Það er mikil eftirvænting í loftinu, jafnvel óþreyja hjá blessuðum börnunum, og við fullorðna fólkið erum líka farin að leyfa okkur að hlakka til.

Jólin eru yndislegur tími. Aðdragandanum fylgir mikið annríki, jafnvel stress, því allt á að vera fullkomið. Við skreytum, bökkum, skrifum jólakveðjur, verslum og þrífum. Við hittum vini og ættingja í laufabrauðsgerð, sörubakstri og borðum saman á jólahlaðborðum út um allan bæ. Allt er þetta liður í að byggja upp eftirvæntinguna enn frekar og jólastemninguna sem okkur þykir svo notaleg. Móðir mín heitin gantadist oft með það á aðfangadagskvöld þegar fjölskyldan stóð á blístri eftir jólamatinn að hún skildi ekkert í sér að vera að eyða öllum þessum klukkutímum í að búa til fullkominn jólamat... svo væri þetta bara borðað á augabragði!

En undirbúningurinn er mikilvægur í þessum efnum sem öðrum. Jólin væru ekki það sem þau eru ef ekki væri vandað til undirbúnings þeirra. Það sem við hlökkum nefnilega svo mikið til er að njóta afraksturs undirbúningsins – við hlökkum til friðarins og notalegheitanna

eftir allan asann, við hlökkum til að eiga frí eftir allt annríkið, við hlökkum til að borða góða matinn sem hefur tekið allan þennan tíma að elda, við hlökkum til að vera með fólkinu okkar og fanga gleðina og hátíðleikann sem fylgir jólonum.

Eftirvæntingin, óþreyjan og tilhlökkunin er það sem þarf til.

Aðdragandi jólanna í þinginu er líka annasamur og ákveðin jólaverk þar sem þarf að klára ár hvert. Fjárlögin og fylgifyrumvörp þeirra þurfa að verða að lögum og ýmis önnur mál sem hafa gildistöku um áramót. Hin síðustu ár hefur Icesave óvænt nánast orðið óaðskiljanlegur partur af jólaundirbúningnum og kannski sérstakt fagnaðarefni að losna við það mál fyrir þessi jól.

Ástandið í þinginu núna fyrir jólin er frekar hefðbundið – stjórn og stjórnarandstaða takast á um hvaða málum eigi og þurfi að ljúka og utanfrá séð ríkir kannski ekki mikill hátíðarbragur yfir þingstörfunum. Það er eitthvað sem við sem störfum í stjórnárum þurfum öll að taka höndum saman um að lagfæra. Það ríkir þó samt eftirvænting og mikil óþreyja í stjórnárum um þessar

mundir. Og meira að segja tilhlökkun hjá okkur sumum. Tilhlökkun til vorsins 2013, til kosninganna í lok apríl. Þær eru kærkomnar og munu vonandi færa íslenski þjóð farsæld og árangur.

Og líkt og með jólin þarf að vanda vel til kosningaundirbúningsins til þess að hægt verði að njóta afrakstursins þegar þar kemur. Við sjálfstæðismenn þurfum að nýta vel tímann fram að kosningum til að þetta raðirnar, skapa stemningu, skerpa á málefnaáherslunum og koma fram sem skýr valkostur við núverandi stjórnarstefnu þar sem hagar fjölskyldnanna í landinu verður hafður í forgrunni. Forgangsröðin er einföld – velferð heimilanna, uppbygging atvinnulífsins og efling grunnþjónustunnar um land allt.

Ég hlakka til jólanna og ég hlakka til vorsins.

Ég vil óska Hvergerðingum gleðilegra jóla og mikillar farsældar á nýju ári. Ég þakka frábært samstarf og viðkyrningu á liðnum árum.

Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennu á gamlárskvöld kl 20:30 við Þverbrekkur. Starfsmenn bæjarins munu sjá um alla framkvæmd við brennuna.

Að gefnu tilefni er tekið fram að ekki er leyfilegt að vera með flugelda við brennu vegna þeirrar hættu sem það getur skapað.

Flugeldasýning verður í umsjón Hjálparsevitar Skáta.

Rátt þr á Fosslöt á þrettándanum

Jólin verða kvöld á þrettándanum með blysför frá kirkjunni kl. 18:00 og gengið í fylkingu að Fosslöt. Félagasamtök í bænum verða virkir þátttakendur í gleðinni ásamt bæjarbúum. Allir eru hvattir til að koma í búningum til að skapa sanna þrettánda stemningu.

Bæjarstjórn Hveragerðis og bæjarstarfsmenn þakka Hvergerðingum gott samstarf á liðnum árum og óska þeim heilla og velfarnaðar á komandi ári.



Bjarnabekkirnir

Í sumar voru vígðir setbekkir hér í miðbænum sem hannaðir og smíðaðir voru af Regin Bjarna Kristjánssyni, starfsmanni áhaldahúss. Eru bekkirnir mikil listasmíð en þeir hafa verið nefndir Bjarnabekkir eftir höfundi sínum. Bjarni Reginn lést í september sl. eftir erfið veikindi en hugmyndauði hans og handverk lifir áfram í bekkjunum sem þrýða muna bæinni í framtíðinni.

-AH

Sendum Hvergerðingum sem og öðrum lesendum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



MÚRÞJÓNUSTA
Helga Þ hf.

2008 ehf

TRAMONTINA



Iceland Activities



BÍLVERKSTÆÐI Jóhanns
Austurmörk 13, Hveragerði S. 483 4239

Viðgerðir • Réttingar • Cabas • Dekk • Smur
Bílaflutningar • Útköll • Aðstoð • S. 866 1093

SportTæki ehf.
www.stk.is Sími 522-3900

JÓLAGJÖFIN
FÆST Í
SPORTTÆKJUM!

HETTUPÝSA HERRADÓMU
TIL TRAÐUR, BYTTU, SVÖRT OG BLÁU
VERÐ 9.900

MI PÚLSMELIR
PÚLSMELIR, KALORÍETELINGI, ARMBANDS
REKINGUR, 4 VINDVINDI & SÖNGELI
VERÐ 13.990

Austurmörk 4 • 810 Hveragerði • S: 522 3900 • Email: stk@stk.is
Opíð mán.-fös 10-18

Hverabakarí

Breiðumörk 10
sími: 483 4879

Sólhestar

Borgargerði/Ölfusi
sími: 892 3066

Trésmiðja Sæmundar

Austurmörk 20
sími: 893 4527

Tjaldstæðið Hveragerði

Reykjamörk 18
sími: 483 4605

Vinnuvélar A. Michelsen

Austurmörk 16
sími: 483 4166

Tannlæknastofan

Breiðumörk 18
sími: 483 4930

Garðyrkjustöð Ingibjargar

Heiðmörk 38
sími: 483 4800

Vélar og stálsmiði

Mánamörk 3
sími: 483 1200

Fasteignasalan Gimli

Breiðumörk 13
sími: 483 5900

Blómaborg

Breiðumörk
sími: 483 4225

Ópus

Breiðumörk 2
sími: 483 4833

Skjólklettur ehf

sími: 899 6861 (Björn)
sími: 892 8661 (Kjartan)

Raftaug hf

sími: 483 4233

Daði málari

sími: 897 7726

Bygg bræður

sími: 898 6174

Blikksmiðja A-Wolfram

Austurmörk 17
sími: 483 4530

Tían

Breiðumörk 19
sími: 483 4727

Bíl-X

Austurmörk 11
sími: 483 4665

HOFLAND-SETRID

BREIÐUMÖRK 2B - HVERAGERÐI

PIZZA SMÁRÉTTIR BAR

Sími-483 4467

Óskum
Hvergerðingum, nærsveitungum
og viðskiptavinum okkar,
Gleðilegra jóla og farsældar
á nýju ári.

Þorláksmessa nýjung!
Jólaglögg!
Opíð til kl 23
Kaldur á krana a 500 kr

Opnunartími um jól og áramót:

Aðfangadagur **Lokað**
Jóladagur **Lokað**
Annar dagur jóla **Lokað**

ATH!!! Hádegis hlaðborð fellur niður
milli jóla og nýárs

Gamlársdagur **Lokað**
Nýársdagur **Lokað**



Gæði-Þjónusta-Lipurð-Stöðugleiki.

www.hoflandsetrid.is